



Á hverju ári fá

4,3 milljónir

sjúklinga í ríkjum ESB/EES minnst eina
sýkingu á meðan sjúkrahúsdvöl stendur.


Margar þessara sýkinga er erfitt að
meðhöndla vegna sýklalyfjaónæmis.

**Hreinar hendur geta hindrað útbreiðslu
sýklalyfjaónæmis.**






Á sjúkrahúsum í Evrópu er
1 af hverjum 3 bakteríum
í sýkingum tengdum heilbrigðisþjónustu
ónæm fyrir sýklalyfjum.
Þetta er veruleikinn fyrir sjúklinga og fyrir
heilbrigðisstarfsfólk, sem nú hefur færri
úrræði til að meðhöndla sýkingar.



Sýkingar sem áður var auðvelt að lækna,
eins og lungnabólga eða
þvagfærasýkingar, er nú erfiðara að
meðhöndla.

Sýkingavarnir vernda sjúklinga og geta létt
á álagi á heilbrigðisstarfsfólk.



Heilbrigðisstarfsfólk upplifir hjálparleysi þegar sjúklingar deyja vegna sýkinga af völdum sýklyfjaónæmra baktería sem áður var auðvelt að meðhöndla.

Heilbrigðisstarfsfólk þarf stuðning, skilning og hvatningu til að öðlast seiglu og bregðast við þessum breyttu aðstæðum.



**Heilbrigðisstarfsfólk stöðvar ekki
útbreiðslu sýklalyfjaónæmis hjálparlaust.
Stefnumótandi aðilar verða að tryggja að
heilbrigðisþjónusta og aðgengi að
mikilvægum sýklalyfjum séu
forgangsmál.**

**Allir verða að leggja sitt af mörkum
til að tryggja góða heilbrigðisþjónustu
án sýklalyfjaónæmis!**



Óparfa ávísanir á sýklalyf geta
aukið sýklalyfjaónæmi.
Sjúklingar geta hjálpað með því að biðja
ekki um sýklalyf við venjulegu kvefi.
Saman getum við hægt á útbreiðslu
sýklalyfjaónæmis!



Stöðvum sýkingar áður en þær byrja:
Handhreinsun og bólusetningar
draga úr sýkingahættu.
Færri sýkingar, minni sýklalyfjanotkun,
minna sýklalyfjaónæmi.
Lærum að fyrirbyggja sýkingar!





**Margar sýkingar er hægt að fyrirbyggja
með því að þvo hendur oft
með sápu og vatni
eða nota handspritt.
Hreinar hendur bjarga mannlífum!**